

**Mál nr. 223/2007**

**M  
og  
X hf. vegna A  
og  
Z hf. vegna B**

**Árekstur á gatnamótum Suðurhóla og Nauthaga.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 28. nóvember 2007 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur Z hf. dags. 7. desember 2007.

**Málsatvik.**

Ökumaður A ók eftir Suðurhólum. Ökumaður B ók Nauthaga til vesturs að Suðurhólum. Árekstur varð á gatnamótunum. Ökumaður A taldi biðskyldu vera á Nauthagann, en nýbúið var að opna götuna fyrir umferð og ekkert biðskyldumerki var á gatnamótum Suðurhóla og Nauthaga.

**Álit.**

Þar sem ekkert biðskyldumerki var á gatnamótum Suðurhóla og Nauthaga bar ökumanni A að veita umferð frá hægri forgang. Það gerði hann ekki. A ber alla sök.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A er alla sök.

Reykjavík, 19. desember 2007.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.